

Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2023 - 2024

Námsumhverfi lesblindra barna Viðhald og þróun heimasíðu

Inngangur:

Heimasíðan Hlusta - lesa - skrifa sem var þróunarverkefni skólaárið 2021 - 2022 hefur nýst okkur hér í Sjálandsskóla og hefur gagnast bæði fyrir kennara, foreldra og nemendur. Eins höfum við fengið símtöl og tölvupósta frá fólk viða um land sem hefur óskað eftir því að fá að deila síðunni og nýta í starfi og einkalífi. Gagnsemi hennar hefur því sannað sig en tímarnir breytast og mennirnir með. Þess vegna fannst okkur kominn tími til að setjast aftur niður og bæta heimasíðuna í takt við skólasamfélagið sem hún þjónustar.

Markmið /verkefnið í hnottskurn:

Markmið verkefnisins var að bæta inn verkefnum og uppfæra heimasíðuna Hlusta - lesa - skrifa, sem unnin var í þróunarverkefninu: Námsumhverfi lesblindra barna skólaárið 2021 - 2022. Við töldum mikilvægt að viðhalda henni í takt við þróun í tækni ásamt því að leggja áherslu á nýjan nemendahóp sem fer ört vaxandi. Með því að gefa nemendum með íslensku sem annað tungumál rými á heimasíðunni vildum við opna möguleika nemenda á að nýta tæknina til að auðvelda sér námið, valdefla þá, efla sjálfstraust og færni í íslensku. Einnig að gefa þeim tækifæri á að bera kennsl á eigin hæfileika og þekkingu á þeirri námstækn er hentar hverjum og einum í nýju landi með nýtt tungumál.

Undirbúningur og samstarf:

Undirbúningur gekk vel þar sem við sáum það þegar við kynntum heimasíðuna á Menntadaginn 2022 að þetta verkefni þyrfti að efla og styrkja í takt við skólaþróun. Umræða um þróun heimasíðunnar hefur því verið í gangi frá því haustið 2022 en framkvæmdin fór ekki af stað fyrr en okkur varð ljóst að við hefðum fengið styrk til þess að láta af því verða. Samstarfið tók breytingum á haustmánuðum 2023 þar sem okkur fækkaði um einn aðila en um leið og við höfðum borið saman bækur okkar og rammað inn markmiðin héldum við ótrauðar áfram.

Lýsing á framgangi verkefnisins:

Verkefnaskipting var skýr frá upphafi og þeir aðilar sem unnu að þessu þróunarverkefni voru meðvitaðir um hæfni og þekkingu hvors annars. Utanaðkomandi þættir voru að hafa áhrif á framgang en við fylgdumst vel með því sem var að gerast í skólasamfélagini og vorum duglegar að yfirfæra þær upplýsingar yfir á þróunarverkefnið. Óbilandi trú á gagnsemi verkefnisins var ein helsta ástæða þess að

við héldum vinnunni áfram jafnt og þétt áfram þó svo að eitt og annað í nærsamfélagini hafi gefið okkur vísbendingar um að kannski væri kominn tími til að leggja árar í bát.

Framkvæmd á verkefninu:

Til þess að heimasíðan gæti nýst sem best á meðan á vinnu í þróunarverkefninu stóð, var umhverfi heimasíðunnar ekki breytt fyrr en í lok verkefnisins. Okkur fannst það æskilegra til þess að notendur hennar væru ekki að sjá nýtt umhverfi daglega heldur að breytingarnar ættu sér stað að vori. Google umhverfið hélt utan um þá gagnasöfnun og verkefnavinnu sem átti sér stað á tímabilinu. Búin voru til 12 ný verkefni en einnig nýttum við ýmis verkefni sem finna má á netinu og tengdum þau heimasíðunni. Mikil þróun er að eiga sér stað í námsefni og fræðslu fyrir ÍSAT nemendum og var sú ákvörðun tekin að bæta inn tenglum sem tengjast ÍSAT nemendum.

Í þessu verkefni settum við okkur ákveðnar reglur í vali á verkefnum og því efni sem við settum í þau verkefni sem við bjuggum til. Sú regla sem hafði hve mest áhrif á valið var sú að okkur fannst mikilvægt að almenningur yrði að hafa aðgang að því efni sem við tengdum inn á heimasíðuna og það án endurgjalds. Einnig varð okkur frekar fljótt ljóst að þau verkefni sem við höfðum hugsað fyrir þá sem eiga í lestrarvanda og hins vegar þau sem voru hugsuð fyrir ÍSAT nemendum reyndust nýtast báðum hópum.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Persónuvernd og flækjustig í kringum Google umhverfið á tímabilinu gerði okkur tvístígand. En við vissum um gagnsemi heimasíðunnar og héldum okkar striki. Upphaflega áttu verkefnin sem við bjuggum til að tengjast fyrst og fremst hljóðbókum en í ljós kom að ÍSAT nemendum vildu lesa léttann texta og vinna verkefni upp úr þeim. Þess vegna var ákveðið að nýta léttari bækur en upphaflega var stefnt á í verkefnin sem við settum saman. Lögð var meiri vinna í útlit heimasíðunnar en upphaflega var lagt upp með og einnig var lögð aukin vinna í að hafa textann læsilegri á heimasíðunni. Ástæðan fyrir þessari nýju nálgun var sú að nemendum komu með ábendingar varðandi umhverfi heimasíðunnar.

Árangur verkefnis:

Helsti ávinningsurinn liggur í því að heimasíðan hefur verið uppfærð og fleiri verkefni hafa bæst við. Einnig er þar að finna fleiri hugmyndir að því hvernig hægt sé að halda utan um upplýsingar á fjölbreyttan hátt. Verkefnin nýtast nemendum sem eiga í lestrarerfiðleikum og ÍSAT nemendum en eru þó þess eðlis að þau henta fleirum og opna möguleika á nýjum og skemmtilegum leiðum til náms. Lögð var vinna í að finna efni sem tengja mætti við heimasíðuna og sáum við að mikil þróun er að eiga sér stað í efni fyrir ÍSAT nemendum.

Afurðir verkefnisins:

Afurðir verkefnisins má finna á heimasíðunni
<https://lestrartaeckni.wordpress.com/>

Uppgjör kostnaður:

Heildarupphæð styrks: 846.000 kr.

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
3. júní 2024	Eygló R. Sigurðardóttir vefsíðugerð/verkefni	55,6x7500 = 417.000.-
3. júní 2024	Ingunn Þóra Hallsdóttir verkefni/vefsíðugerð	55,6x7500 = 417.000.-
3. júní 2024	Guðrún Björg Ragnarsdóttir ráðgjafi	1x12.000 = 12.000.-

Lokaorð:

Það var erfitt að ákveða hvar draga ætti línum og hætta vinnunni því að svona heimasíða er lifandi plagg og endalaust hægt að finna eitthvað nýtt til að setja inn. Við bindum vonir okkar við að geta haldið áfram að bæta við verkefnum og uppfæra vefinn. Núna verður spennandi að sjá hvað kennurum finnst um viðbæturnar og hverju þeir vilja bæta við heimasíðuna.

3/6 2024 Ingunn Hallsdóttir
dags. nafn verkefnisstjóra

3/6 2024 Sesselja Þóra Gunnarsdóttir
dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla

